

Bókarfregn

Jón Pálsson: Austantórur I.
Guðni Jónsson bjó undir prentun.
Víkingsútgáfan, Reykjavík 1945.

JÓN PÁLSSON, fyrrum bankafé-
hirðir, hefur verið mesti nyt-
semdarmaður um ævina og heldur
en ekki þarfur starfsmaður í þágu
menningar samtíðar sinnar. Mér er
það í barnsminni, að Haraldur
frændi minn á Hrafnkelsstöðum
minntist Jóns með mjög hlýjum
hug fyrir það, að hann hefði kennt
sér og öðrum sjómönnum á Stokks-
eyri ýmis nýtsöm fræði, þegar ekki
gaf á sjó, og var það víst langsam-
lega aðalfræðslan, sem vel flestir
þessara sjósóknara hlutu í þá daga.
Virðist mér, að þetta frumkvæði
Jóns í þágu vermannanna sé vel þess
vert, að því sé á lofti haldið.

Hitt er miklu kunnara, að Jón
Pálsson hefur lengi safnað ýmsum
fróðleik og á nú orðið geysimikið
safn um menn og málefni samtíðar
sinnar og ýmislegt eldra. Er Jón
allt í senn: greindur, minnugur og
óljúgfróður, og er því vafalaust mik-
ill fengur að útgáfu þeirri á safni
hans, sem nú er hafin af Guðna
Jónssyni magister á kostnað Vík-
ingsútgáfunnar. Segir Guðni í for-
mála 1. heftis, að svo sé til ætlazt,
að eitt hefti komi út á ári, þar til
lokið sé því, sem prentað verði fyrst
um sinn.

Þetta 1. hefti geymir þætti af þrem
sérkennilegum mönnum: *Brandi*
Magnússyni smið í Roðgúl (f. 1727, d.
1821), *Kolbeini Jónssyni í Ranakoti*
(f. 1756, d. 1842) og *Þorleifi ríka*

6. Samtíðin 1945, bls. 25-26.
Ritdómur eftir Mag. Sigurð
Skúlason. Bókarfregn: Jón
Pálsson: Austantórur I.

SAMTÍÐIN

Kolbeinssyni á Stóru-Háeyri (f. 1798,
d. 1882). Fylgja ættaskrár eftir
Guðna Jónsson þessum þáttum, og
ýmsar sagnir eru þarna um Þorleif
Kolbeinsson, sem er þessara manna
langkunnastur, enda mjög athygli-
verður maður fyrir margra hluta
sakir. Nokkrar sagnanna um Þor-
leif hefur próf. Árni Pálsson skráð.

Þessir þættir eru hver öðrum
læsilegri, en ýmislegs kunna menn
að sakna þar, sem vitað er um Þor-
leif ríka Kolbeinsson og má ætla, að
það sé undan dregið með vilja. Jón
Pálsson veit sjálfsagt fullvel, að
ættmenn látinna merkismanna eru
oft furðu viðkvæmir gagnvart minn-
ingu þeirra. Virðist sú tilfinninga-
semi stundum vera næsta brosleg,
enda þótt henni fylgi einatt tals-
verður ofsi. En enginn þarf að ótt-
ast, að Jón hafi sagt hér neitt um
menn, er veiti tilefni til gremju.

Seinni hluti heftisins: *Veðurmerki*
og *veðurspár í Árnessýslu* er mjög
fróðlegur og skemmtilegur aflestr-
ar. Hér er um langt mál að ræða,
því að kaflinn tekur yfir 83 stórar
blaðsíður. Margt í þessum kafla er
sjálfsagt mjög gamalt og hefur gengið
í erfðir frá kynslóð til kynslóðar.
Er ekki seinna vænna að fá þennan
fróðleik skráðan og útgefinn, því
að vafalaust mundi hann nú skjótt
gleymast, er veðurstofan hefur tek-
ið af Íslendingum mestallt ómak
við að brjóta heilann um veðrið.

Jón Pálsson og útgefendur þessa
verks eiga miklar þakkir skildar
fyrir þann skerf, sem þar með ver-
ur lagður til íslenzkra fræða.

S. Sk.